JÁRNGERÐUR

Fréttir af bæjarmálefnum

2. tbl. 2019

SJÓARINN SÍKÁTI 2019 Í GRINDAVÍK

- HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR -

sjoarinnsikati@grindavik.is
www.sjoarinnsikati.is
Facebook / Instagram: sjoarinnsikati.is
Aðalhátíðarsvæði Sjóarans síkáta er á hafnarsvæðinu, fyrir neðan Kvikuna, Hafnargötu 12a, við Seljabót (frá Ægisgötu og að Fiskmarkaðnum) og á Kvíabryggju. Hátíðarsvð Sjóarans síkáta er einnig fyrir neðan Kvikuna.

Bílastæði eru m.a. við Hafnargötu, Seljabót og Ægisgötu. Grindvíkingar eru hvattir til þess að ganga að hátíðarsvæðinu.

Upplýsingamiðstöð Sjóarans síkáta er í Kvikunni, sími 420 1190.

Handhæg símanúmer:
Neyðarnúmer 112.
Sundlaug, sími 426 7555.
Kvikan (upplýsingamiðstöð), sími 420 1190

Hundahald bannað
Athygli er vakin á því að hundahald er bannað á hátíðarsvæðinu og eru gestir beðnir um að virða það.

Tökum tillit
Þeim tilmælum er beint til gesta að reykja ekki á hátíðarsvæðinu.

Tússið símanúmer á handabak barnanna
Á hverri hátíð er eitthvað um það að börn verði viðskila við foreldra sína. Farið verður með öll börn sem lenda í þeirri aðstöðu í stjórnstöðina á Sjóaranum síkáta þar sem lögregla og björgunarsveit eru á vaktinni. Gott ráð er að tússa símanúmerið á handabak barnanna en þetta hefur gefist vel á mörgum bæjarhátíðum.

PÖSSUM BÖRNIN OKKAR Á SJÓARANUM SÍKÁTA.
Gætum að börnunum okkar við höfnina. Slysavarnadeildin Þórkatla vill beina þeim tilmælum til foreldra að passa börnin sín á hátíðarsvæðinu við höfnina. Nokkuð hefur borið á því að börn séu að hoppa í sjóinn eftir að hátíðardagskrá lýkur og býður það upp á slysahættu.

20 ára aldurstakmark á tjaldsvæðinu
- Athygli er vakin á því að 20 ára aldurstakmark er á tjaldsvæðinu á Sjóaranum síkáta en börn og unglingar eru að sjálfsögðu velkomnir í fylgd með foreldrum/forráðamönnum sem gista á tjaldsvæðinu.
- Hart verður tekið á unglingadrykkju.

Tjaldsvæðið er stórglæsilegt og er við Austurveg, sími 660 7323. camping@grindavik.is. Einnig á Facebook og www.visitgrindavik.is Ekki er tekið við pöntunum. Nóg er af plássi því ef tjaldsvæðið fyllist er framlenging á tjaldsvæðinu norðan megin við Austurveg og er einnig hægt að tengja þar í rafmagn. Tjaldsvæðið er vaktað að nóttu til á Sjóaranum síkáta.

Aðrir viðburðir
Athygli er vakin á því að nokkrir viðburðir hér í dagskránni eru ekki á vegum Sjóarans síkáta heldur þjónustuaðila sem veita sjálfir nánari upplýsingar. Viðburðina er hins vegar að finna í dagskrá Sjóarans síkáta enda hluti af glæsilegri Sjómannadagshelgi í Grindavík.

Umsjónaraðili Sjóarans síkáta er Grindavíkurbær í samvinnu við Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur.
Eggert Sólberg Jónsson, sviðstjóri frístunda- og menningarsviðs, sími 420-1100

Neyðarsími Sjóarans síkáta: 699 1444.

Fulltrúi Sjómanna- og vélstjórafélags Grindavíkur: Steingrímur Kjartansson, sími 821-2504.
Kristín María Birgisdóttir, upplýsinga- og markaðsfulltúi, sími 420-1100.

LITAHVERFA-SKIPTING 2019

Appelsínugula hverfið (bátar)

Austurvegur, Þórkötlustaðahverfi, Stamphólsvegur, Hópsbraut, Vesturhóp, Austurhóp, Miðhóp, Norðurhóp, Víkurhóp, Suðurhóp ásamt verslunarmiðstöðinni (Víkurbraut 62).

Bláa hverfið (krabbar)

Túngata, Víkurbraut neðan pósthúss, Marargata, Garðvegur, Mánagata, Verbraut, Ránargata, Kirkjustígur, Mánasund, Vesturbraut, Mánageði, Hellubraut, Dalbraut, Sunnubraut, Laut.

Græna hverfið (saltfiskur)

Heiðarhraun, Víkurbraut ofan pósthúss, Hvassahraun, Staðarvör, Staðarhraun, Norðurvör, Borgarhraun, Suðurvör, Arnarhraun, Fornavör, Skólabraut, Leynisbraut, Ásabraut, Leynisbrún, Hraunbraut.

Rauða hverfið (fiskar)

Skipastígur, Árnastígur, Vigdísarvellir, Glæsivellir, Ásvellir, Sólvellir, Blómsturvellir, Iðavellir, Höskuldarvellir, Hólavellir, Litluvellir, Selsvellir, Baðsvellir, Efstahraun og Gerðavellir.

TIL HAMINGJU MEÐ HÁTÍÐINA OKKAR

Sjómanna- og fjölskylduhátíðin Sjóarinn síkáti fer nú fram í 24. sinn. Við, Grindvíkingar, streymum á hátíðarsvæðið fyrir neðan Kvikuna og tökum á móti fjölda gesta. Á þetta löngum tíma höfum við þróað margar hefðir og venjur sem sumar rata í dagskrá hátíðarinnar en aðrar ekki. Fjölskyldur og vinir mæla sér mót og gera sér glaðan dag.

Búast má við að fjöldi gesta heimsæki Grindavík á meðan hátíðinni stendur. Margir þeirra njóta gestristni okkar og þeirrar þjónustu sem er í boði í bænum. Gestirnir taka flestir virkan þátt í hátíðinni með okkur íbúum.

Þrátt fyrir fjölda gesta byggir hátíðin á virkri þátttaka íbúa sem flestir koma að hátíðinni með einum eða öðrum hætti. Íbúum Grindavíkur hefur fjölgað hratt á undanförnum árum og eru einhverjir að taka þátt í hátíðinni í fyrsta sinn. Vonandi einkennist Sjóarinn síkáti áfram af samheldni og væntumþykju í garð náungans. Þannig tökum við vel á móti nýjum íbúum.

Eggert Sólberg Jónsson,
sviðsstjóri frístunda- og menningarsviðs Grindavíkurbæjar.

Kristín María Birgisdóttir
upplýsinga- og markaðsfulltrúi Grindavíkurbæjar.

Sjómenn, til hamingju með sjómannadaginn!

- Bakhjarlar Sjóarans síkáta 2019 -

Járngerður - fréttir af bæjarmálefnum 2. tbl. 2019 ▪ **Ritstjóri og ábyrgðarmaður:** Kristín María Birgisdóttir
Forsíðumynd: Heiða Dís. Forsíðumyndin er af feðgunum Óðni Árnasyni og Árna Jakob Óðinssyni ▪ **Prentun:** Prentun.is

Til hamingju með daginn

Vísir óskar sjómönnum og fjölskyldum þeirra til hamingju með daginn

VÍSIR

LONG LINE CAUGHT

Vísir hf. / Hafnargata 16 / 240 Grindavík
420-5700 / visir@visirhf.is / www.visirhf.is

Reykjanes Geo park augl
Ekki kominn

GG BLÚS

Kl. 22:00 GG Blús
Blús-rokk-dúett

Af skárri sortinni með þeim Guðmundi Gunnlaugsyni trommara og Guðmundi Jónssyni gítarleikara. **Tilboð á barnum.**

Laugardagskvöldið 1. júní

SALTHÚSIÐ

Kl.00:00 Hljómsveitin Swiss

Hljómsveitin Swiss leikur ný og gömul lög, íslensk og erlend.
Miðaverð 2.500 kr.
Tilboð á barnum til kl. 1:00

Eldhúsið opið alla daga milli kl. 12:00 og 21:00.

KVIKAN

AUÐLINDA- OG MENNINGARHÚS

Hafnargata 12a - Sími 420 1190 - kvikan@grindavik.is
www.grindavik.is/kvikan - Opið alla daga frá kl. 10:00-17:00

Þrjár fróðlegar sýningar undir einu þaki

GUÐBERGSSTOFA
í Kvikunni er safn og sýning um Guðberg Bergsson rithöfund og heiðursborgara Grindavíkur, eins virtasta rithöfunds Íslendinga fyrr og síðar.

SALTFISKSETUR ÍSLANDS
Saga saltfiskverkunar á Íslandi. Saga sjómennsku, þróun skipa, veiða og vinnslu.

Jarðorka
earth energy

JARÐORKA
Fræðsla um undirstöðuatriði íslenskrar jarðsögu og jarðfræði þar sem farið er í máli og myndum yfir eðli jarðhita, eldvirkni og jarðskjálfta.

Sundlaug Grindavíkur
Swimming Pool

Sumaropnun (júní – ágúst)
06:00 – 21:00 virka daga
09.00 – 18:00 Helgaropnun

Vetraropnun
06:00 – 21:00 virka daga
09:00 – 16:00 Helgaropnun

Sími: 426-7555

GRINDAVÍK TJALDSVÆÐI CAMPSITE

Austurvegi 26
Sími: 420 1100
camping@grindavik.is
www.grindavik.is/tjaldsvaedi

Tjaldsvæði í Grindavík sem slegið hefur í gegn. 200 m² tjaldsvæðishús ásamt 220 m² palli við húsið með allri nauðsynlegri þjónustu.

Grindavík og nágrenni er heillandi fyrir ferðafólk. Hvernig væri að skella sér á þetta flotta tjaldsvæði í Grindavík og sjá hvað þessi vinalegi og skemmtilegi bær hefur upp á að bjóða fyrir alla fjölskylduna?

Útvegt eré - Grafísk hönnun

BRYGGJUBALLIÐ ER EINN AF HÁPUNKTUM HÁTÍÐARINNAR

HREIMUR ÖRN HEIMISSON mun leiða bryggjusönginn á hátíðarsvæðinu í ár og auðvitað ætla íbúar og aðrir gestir að taka vel undir. Aldamótahljómsveitin Land og synir, sem Hreimur leiddi var ein vinsælasta hljómsveit landsins um árabil. Á þeim tíma sem frægðarsól hljómsveitarinnar skein sem skærast var Hreimur valinn kynþokkafyllsta poppstjarna landsins tvö ár í röð. Hreimur er einn þeirra sem syngur hið vinsæla þjóðhátíðarlag Lífið er yndislegt og ekki ólíklegt að við fáum að heyra það sungið í bryggjusöngnum.

Poppkóngur Íslands, **PÁLL ÓSKAR** er orðinn fastagestur á hátíðinni okkar. Ekki að undra, enda er stanslaust stuð hvert sem hann mætir. Páll Óskar lofar að taka sín bestu lög og vera gordjöss að vanda. Verða ekki örugglega allir búnir að reima á sig skóna og tilbúnir að hrista rassinn?

HLJÓMSVEITIN BANDMENN var stofnuð árið 2015 af Pétri Finnbogasyni. Hljómsveitarmeðlimir eru sprenglærðir tónlistarmenn sem hafa unun af því að spila og skemmta öðrum. Það verður því spennandi að mæta fyrir neðan Kvikuna, auðlinda- og menningarhús okkar Grindvíkinga og stíga trylltan bryggjudans á föstudagskvöldinu með Bandmönnum.



FORSALA MIÐA Í VERSLUNINNI PALÓMA – FÖT OG SKART

VERÐ Í FORSÖLU ER 2500 KRÓNUR EN 3500 KRÓNUR VIÐ INNGANG

GAMLA MYNDIN

Nemendur á Leikskólanum við Dalbraut í vettvangsferð í Miðgarð. Í baksýn er verið að ferma Lagarfoss með síld frá Hraðfrystihúsi Þórkötlustaða. Í sömu ferð var einnig farið í heimsókn í Fiskmarkaðinn. Myndin er líklega tekin á árunum 1985 – 1986 og má sjá nemendur fædda á árunum 1981-1984 Starfsfólkið á myndinni er frá vinstri í öftustu röð Fanný Erlingsdóttir, Petrína Baldursdóttir, Albía Unndórsdóttir, Kolbrún Guðmundsdóttir, Gunnlaug Maídís Reynis (Gullý), Kristrún Bogadóttir og Katrín Þorsteinsdóttir.

Kvikan í sumar:

„HRJÚF ÁFERÐ“ MÁLVERKASÝNING

Þórdís Daníelsdóttir listakona er uppalinn Grindvíkingur. Hún mun halda myndlistasýningu á efri hæð Kvikunnar um sjómannahelgina og áfram í júní.

Þórdís hefur ávalt heillast af litum, formum og áferð og einkennir það málverkin hennar. Hún sækir innblástur í náttúruna sem er henni eilíf uppspretta hugmynda og þá helst fjörur heimabæjar hennar, Grindavík. Einnig fær hún innblástur úr hrauninu en hrjúf áferð myndanna minna um margt á hraunið.

Þórdísi finnst gaman að blanda saman ólíkum efnum og ná fram hinu grófa og hinu fína í einu og sama verkinu. Hún vinnur mikið með óhefðbundin efni, svo sem múrviðgerðarefni og sparsl, samhliða olíulitum, akríl og vatnslitum. Þórdís málar í mismunandi birtustigum til að ná ákveðinni áferð og lýsingu í verkin sín svo verkin fá mikla dýpt.



Listakonan Þórdís er að mestu sjálfmenntuð í list sinni en hefur sótt ýmiss námskeið í myndlist hjá Hermanni Árnasyni, Erlu Sigurðardóttur, Bjarna Sigurbjörnssyni, Helgu Kristjánsdóttur og Serhiy Savenko frá Úkraínu. Kvikan er opin alla daga frá 10:00 – 17:00 en um sjómannahelgina verður aukin opnun.

SJÓMANNA- OG FJÖLSKYLDUHÁTÍÐIN SJÓARINN SÍKÁTI 31. MAÍ - 2. JÚNÍ

FÖSTUDAGUR 31. MAÍ

Kl. 16:00-18:00
AXEL Ó OG KELI UNPLUGGED Á BRYGGJUNNI
Söngvararnir og gítarleikararnir Axel Ómarsson og Hrafnkell Pálmarsson taka lög úr ýmsum átttum.

Kl. 18:00
GÖTUGRILL
Bæjarbúar eru hvattir til þess að skreyta sína götu í sínum litum og slá saman í götugrill.

Kl. 20:00
LITASKRÚÐGANGA
Hin árlega litaskrúðganga úr hverfunum fjórum að hátíðarsvæðinu neðan við Kvikuna.

Kl. 20:30-21:30
BRYGGJUSÖNGUR
Hreimur Örn leiðir bryggjusöng á hátíðarsviðinu og allir taka undir.

Kl. 21:30-23:30
BRYGGJUBALL
Páll Óskar mætir í öllu sínu veldi með dansara, glans og stanslaust stuð. Hljómsveitin Bandmenn slá upp alvöru bryggjuballi fyrir alla fjölskylduna.

Kl. 23:00
HLJÓMSVEITIN HEIÐUR Á FISHHOUSE
Hljómsveitin Heiður spilar inn í nóttina. Aðgangur ókeypis.

ALLA HELGINA
Candy-flos, blöðrur og ýmislegt góðgæti til sölu í Ellubúð Slysavarnardeildarinnar Þórkötlu

Vöfflur, kaffi og kakó til sölu í Kvikunni til styrktar 3. flokki kvenna í knattspyrnu.

LAUGARDAGUR 1. JÚNÍ

Kl. 10:00
SJÓARA SÍKÁTA MÓTIÐ
Árlegt fótboltamót knattspyrnudeildar UMFG þar sem strákar í 6. flokki keppa.

Kl. 12:00
SKEMMTISIGLING
Skemmtisigling fyrir alla fjölskylduna. Staðsetning auglýst á samfélagsmiðlum hátíðarinnar þegar nær dregur. Vinsamlegast mætið tímanlega.

Kl. 12:20-16:00
BYLGJULESTIN
Bylgjan verður í beinni útsendingu frá Grindavík.

Kl. 13:00-17:00
SKEMMTIDAGSKRÁ Á HÁTÍÐARSVIÐI
Skemmtidagskrá á hátíðarsviðinu í samvinnu við Landsbankann.
- 13:00 Sirkus Íslands
- 13:30 Vikki króna
- 14:00 Latibær – Solla stirða og Halla hrekkjusvín
- 14:30 Regína og Selma
- 15:00 BMX brós
- 15:30 Gunni og Felix
- 16:00 Leikhópurinn Lotta
- 16:30 Söngsveitin Víkingar

Kl. 13:00-17:00
TÍVOLÍ Á HAFNARSVÆÐINU
Frítt í öll leiktæki nema fallturninn í samvinnu við Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur og Verkalýðsfélag Grindavíkur.

Kl. 13:00-17:00
VELTIBÍLLINN
Hinn sívinsæli veltibíll verður á svæðinu.

Kl. 13:00-16:00
ANDLITSMÁLUN VIÐ KVIKUNA
Frí andlitsmálun fyrir öll börn við Kvikuna.

Kl. 14:00
GRINDAVÍK – VÍKINGUR
Grindvíkingar taka á móti Víkingum í PepsiMax deild karla á Mustad vellinum.

Kl. 14:00
SJÓPYLSA Í GRINDAVÍKURHÖFN
Sjópylsa á ferðinni í Grindavíkurhöfn fyrir börn og aðra ofurhuga.

Kl. 14:00
HÓPKEYRSLA BIFHJÓLA
Hópkeyrsla bifhjóla frá Northern Light Inn að Virkinu, klúbbhúsi Grindjána. Hjólum raðað upp til sýnis.

Kl. 15:00-17:00
HESTATEYMING
Börnum gefst tækifæri á að fara á hestbak við Kvikuna.

Kl. 15:00-18:00
BAKKALÁBANDIÐ Á BRYGGJUNNI
Bakkalábandið syngur gömlu góðu sjómannalögin ásamt hljómsveit.

Kl. 15:00-17:00
KRAKKAKEYRSLA GRINDJÁNA
Félagar í Grindjánum bifhjólaklúbbi leyfa börnum að sitja aftan á bifhjólum og fara hring frá Fiskmarkaðnum.

Kl. 22:00
GG BLÚS Á SALTHÚSINU
Blús-rokk-dúett af skárri sortinni með þeim Guðmundi Gunnlaugssyni trommara og Guðmundi Jónssyni gítarleikara. Tilboð á barnum.

Kl. 22:00
OPIÐ SVIÐ Á FISHHOUSE
Opnu sviðin hafa notið fádæma vinsælda. Gestum er velkomið að taka þátt, syngja, leika og dansa. Aðgangur ókeypis.

Kl. 23:00
PALLABALL Í ÍÞRÓTTAHÚSINU
Poppkóngur Íslands, Páll Óskar, treður upp með eigin hljómsveit og dönsurum.

Kl. 00:00
HLJÓMSVEITIN SWISS Á SALTHÚSINU
Hljómsveitin Swiss leikur ný og gömul lög, íslensk og erlend. Miðaverð 2.500 kr. Tilboð á barnum til kl. 1.

GRINDAVÍKURBÆR

SUNNUDAGUR 2. JÚNÍ

KL. 8:00
FÁNAR DREGNIR AÐ HÚNI
Fánar dregnir að húni og bæjarbúar hvattir til að flagga í tilefni Sjómannadagsins.

Kl. 12:30
SJÓMANNADSAGSMESSA Í GRINDAVÍKURKIRKJU
- Kór Grindavíkurkirkju leiðir sönginn undir stjórn Erlu Rutar Káradóttur organista.
- Sr. Elínborg Gísladóttir þjónar fyrir altari
- Einsöngur: Páll Jóhannesson
- Ritningarlestra lesa sjómannshjónin Ásdís Hafliðadóttir og Einar Hannes Harðarson
- Kransaberi verður Andri Fannar Einarsson

Eftir messu fer heiðrun sjómanna fram í kirkjunni. Að lokinni heiðrun verður gengið að minnisvarðanum Von og lagður blómsveigur til minningar um þá sem hafa drukknað. Lúðrasveit verkalýðsins mun taka þá í athöfninni.

Kl. 13:00-16:00
ANDLITSMÁLUN VIÐ KVIKUNA
Andlitsmálun fyrir öll börn við Kvikuna.

Kl. 13:00-17:00
TÍVOLÍ Á HAFNARSVÆÐINU
Frítt í öll leiktæki nema fallturninn í samvinnu við Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur og Verkalýðsfélag Grindavíkur.

Kl. 13:00-17:00
VELTIBÍLLINN
Hinn sívinsæli veltibíll verður á svæðinu.

Kl. 13:00-17:00
FISKASAFNIÐ Á BRYGGJUKANTINUM
Fiskabúr af ýmsum stærðum og gerðum þar sem finna má marga af þeim nytjafiskum sem veiðast við Ísland. Á staðnum verða einnig snertibúr með furðufiskum.

Kl. 14:00-17:00
SJÓMANNADAGSKAFFI Í GJÁNNI
Hérastubbur stendur fyrir myndarlegu Sjómannadagskaffi í Gjánni. Frítt fyrir yngri en 6 ára, 1.000 kr. fyrir 6-12 ára og 2.000 kr. fyrir fullorðna.

Kl. 14:15-16:00
HÁTÍÐARHÖLD Í VÍÐIHLÍÐ
Sigríður Thorlacius skemmtir. Að loknum söngatriðum verður boðið upp á kaffiveitingar.

Kl. 14:00-14:20
HÁTÍÐARHÖLD VIÐ KVIKUNA
Hátíðarhöld í tilefni Sjómannadagsins. Eliza Reid forsetafrú flytur ræðu og setur daginn formlega.

Kl. 14:20-15:00
KODDASLAGUR, FLEKAHLAUP OG KARARÓÐUR
Hreystimenni og konur takast á í alvöru koddaslag, flekahlaupi og kararóðri. Verðlaun í boði. Skráning á staðnum.

Kl. 15:00-17:00
SKEMMTIDAGSKRÁ Á HÁTÍÐARSVIÐI
Skemmtidagskrá á hátíðarsviðinu neðan við Kvikuna í samvinnu við Landsbankann.
- 15:00 Kvennakór Grindavíkur
- 15:30 Söngvaborg
- 16:00 Gunni og Felix
- 16:30 Latibær - Íþróttaálfurinn, Siggi sæti og Solla stirða

Kl. 15:30-16:30
TÖFRAMAÐUR Á HÁTÍÐARSVÆÐINU
Töframaðurinn Daníel Örn verður á svæðinu og sýnir listir sínar fyrir gesti og gangandi.

Kl. 20:00
HÁTÍÐARKVÖLDVERÐUR SJÓMANNA- OG VÉLSTJÓRAFÉLAGS GRINDAVÍKUR
Hátíðarkvöldverður á Sjómannastofunni Vör. Þórhallur Sigurðsson (Laddi) sér um veislustjórn og Sigríður Thorlacius syngur. Jón og Bibbinn sjá um veitingar.

Kl. 20:00
HLJÓMSVEIT GUÐJÓNS SVEINSSONAR Á BRYGGJUNNI
Guðjón og félagar flytja lög eftir hans helstu áhrifavalda úr rokkheiminum.

Dagskráin er birt með fyrirvara um breytingar.
Fylgist með á www.sjoarinnsikati.is.
Erum líka á Facebook og Instagram.

DINAMIT GUNNAR JÚLÍS

UPPTAKTUR FYRIR SJÓARANN SÍKÁTA 2019

SJÓARINN SÍKÁTI
GRINDAVÍK 31. MAÍ - 2. JÚNÍ 2019

ÞRIÐJUDAGUR 28. MAÍ

19:15

Grindavík – Vestri

Grindvíkingar taka á móti Vestra í Mjólkurbikar karla á Mustad vellinum.

MIÐVIKUDAGUR 29. MAÍ

14:00

Björgunarafrekið við Látrabjarg

Minja- og sögufélag Grindavíkur sýnir heimildamyndina Björgunarafrekið við Látrabjarg frá 1949 í Víðihlíð. Myndin segir frá frækilegri björgun breskra skipsbrotsmanna við Látra árið 1947.

21:00

Vortónleikar Kvennakórs Grindavíkur

Kvennakór Grindavíkur, undir stjórn Bertu Drafnar Ómarsdóttur, syngur inn sumarið á vortónleikum sínum sem fram fara á Salthúsinu. Undirleikari er Sigurður Helgi Oddsson. Sungin verða gömul og ný íslensk lög. Miðaverð er 1.500 kr. fyrir 16 ára og eldri.

FIMMTUDAGUR 30. MAÍ

10:00

Víðavangshlaup Grindavíkur

Hið árlega Víðavangshlaup Grindavíkur verður ræst frá Íþróttamiðstöðinni. Keppt verður í sex flokkum. Allir þátttakendur fá verðlaunapening frá Bláa Lóninu og ávexti við endamark. Sigurvegarar fá vegleg verðlaun.

11:30

Vorgleði Grunnskóla Grindavíkur

Vorgleði Grunnskóla Grindavíkur fer að þessu sinni fram á skólans við Ásabraut. Að vanda verður boðið upp á fjölda skemmtilegra stöðva. Foreldrafélag skólans grillar pylsur á staðnum.

17:30

Hrjúf áferð í Kvikunni

Þórdís Daníelsdóttir opnar málverkasýningu sína á efri hæð Kvikunnar. Listakonan sækir innblástur í náttúruna sem er henni eilíf uppspretta hugmynda og þá helst fjörur heimabæjar hennar, Grindavík.

??? Halla YYYY

20:00

CCR bandið á Bryggjunni

Tónleikar í nýjum sal í netagerð Bryggjunnar. Strákarnir í CCR Bandinu hafa það að aðalsmerki að heiðra hina mögnuðu sveit Creedence Clearwater Revival. Miðaverð 2.000 kr.

NOKKRAR SVIPMYNDIR FRÁ SJÓARANUM UNDANFARIN ÁR

VIÐ STYÐJUM SJÓARANN SÍKÁTA 2019

TSA Tæknibjónusta SÁ ehf.

Hertz

Martak

BLUE LAGOON ICELAND

JÓN & MARGEIR Grindavík

Síminn

codland

Einhamar Ecological seafood from Iceland

SJÓVÁ

30 ÁRA FMS 1987 - 2017

HS ORKA

Geo Hotel GRINDAVÍK

HP GÁMAR HÓPSNES

netto

GJÖGUR HF

ÍSFELL

Kadeco

Víkurhraun

VIÐ STYÐJUM SJÓARANN SÍKÁTA 2019

Fish House Bar & Grill

HÉRASTUBBUR BAKARÍ GERÐAVELLIR 19 240 GRINDAVÍK S: 426-8111

hjá höllu

HS VEITUR

ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ

Aðal-Braut

OB

Papa´s Pizza

VG VÉLSMIÐJA GRINDAVÍKUR

SKÓLAR HEILBRIGÐ SÁL Í HRAUSTUM LÍKAMA

TG RAF RAFVERKTAKI

Stakkavík ehf

BÍLASÝNING HJÁ HERMANNI

- Fornbíla og traktorasafn til sýnis.

Opið föstudag – sunnudags á Sjóaranum síkáta frá 10:00-20:00

Hermann Th. Ólafsson í Stakkavík hefur á undanförnum árum safnað ýmsum gömlum traktorum og bílum auk þess sem hann geymir slík tæki frá öðrum. Á Sjóaranum síkáta gefst heimamönnum og gestum tækifæri á að skoða þetta ótrúlega safn.

Traktorar og bílar verða til sýnis í sal við Seljabót 7, 2. hæð (gengið inn að ofan).

Aðgangseyrir er 800 krónur og ókeypis fyrir 12 ára og yngri.

FJÓRÐA IÐNBYLTINGIN HAFIN Í SJÁVARÚTVEGI

Vísir og Marel skrifuðu undir samstarfssamning um innleiðingu á RoboBatcher á sjávarútvegssýningunni í Brussel sem fram fór snemma í maí, en sýningin er stærsta alþjóðlega sýning sinnar tegundar í heiminum. Fyrirtækin tvö hafa unnið að sameiginlegri þróun á vélvæddri pökkun afurða í fiskvinnslu Vísis frá því í september en samningurinn gerir ráð fyrir uppsetningu á allt að 12 róbótum í starfsstöð Vísis í Grindavík.

Pétur Hafsteinn Pálsson, framkvæmdastjóri Vísis segir þetta eðlilegt framhald af þróuninni með skurðarvélarnar og að starfsfólkið sé mjög bjartsýnt á að þessar breytingar skili góðum árangri. Pétur segir því spennandi tíma framundan og óhætt að segja að fjórða iðnbyltingin sé hafin í sjávarútveginum.

Róbótinn sér um að pakka nákvæma þyngd

Einn róbot hefur verið í prufukeyrslu hjá Vísi síðastliðinn mánuð. Ómar Enoksson, yfirmaður tækniþróunar hjá Vísi segir að róbotinn hafa farið langt fram úr væntingum, en hann raðar fiskbitum í kassa af mikilli nákvæmni, eftir meðalþyngd og umbeðnum stykkjafjölda.

„Gæðalínan sér um að raða upp flökunum fyrir skurðavélarnar og þær skera flökin í fyrirfram ákveðna bita sem eru eftir pöntun viðskiptavinarins. Hann vill t.d. fá hnakkastykkið sitt í ákveðinni lengd eða þyngd. Sumir vilja ákveðna þykkt. Allt forritum við þetta í vélunum sem verða við þessum kröfum. Ákveðnar afurðir eru síðan sendar inn á róbótinn sem er nýjasta tæknin okkar. Hann sér um að tína bitana í kassann, vigta kassann og fer í raun mun betur með bitana heldur en flokkarinn."

Ómar segir viðskiptavininn vera farinn að panta mun nákvæmari vöru en hér áður. „Hann vill fá fisk sem passar á diskinn og helst vill hann fá bita sem eru einsleitir. Sem einfaldar þeirra hugsun og undirbúning líka. Allt þarf sömu eldun og allir eru með eins stykki á diskunum sínum.

Róbótinn mun koma í stað einhæfðra starfa

Ómar segir að róbótinn muni leysa af hólmi „einhæfðu störfin" í vinnslunni. „Róbótinn mun núna sjá um að raða fiskinum á færibandið og í kassana." Tækninni fleygir hratt fram að sögn Ómars. Sá róbóti sem unnið er með í dag hjá Vísir getur tekið tvær afurðir á sama tíma. Sá nýi sem kemur til með að taka við af þessum mun geta tekið átta afurðir á sama tíma. „Síðan er verið að þróa tæki sem mun sjá til þess að róbótinn geti skilað kassanum alla leið á brettið.

Lífið ekki lengur saltfiskur

Ómar segir að kröfurnar í fiski séu að breytast og m.a. þess vegna sé Vísir hf mikið að einbeita sér að ferskum fiski núna. „Saltfiskurinn mun minnka töluvert að kostnað ferska og á kostnað léttsaltaða afurða. Við nennum ekki að fara út í búð og kaupa saltfisk sem við þurfum að útvatna í 3-4 daga. Við viljum borða matinn okkar strax og þá mun sala á létt söltuðum fisk aukast helling á kostnað full saltaða fisksins. Lífið er því að verða miklu meiri ferskfiskur," segir Ómar að lokum.

Bryggjan GRINDAVÍK

Sjóarinn Síkáti á Bryggjunni 2019

Skemmtileg dagskrá yfir sjómannahelgina í nýjum sal í netagerð Bryggjunnar Grindavík



Fimmtudagur 30.maí

CCR bandið

Strákarnir í CCR Bandinu hafa það að aðalsmerki að heiðra hina mögnuðu sveit Creedence Clearwater Revival. Á efnisskránni eru allra stærstu lög þeirra John Fogerty og félaga, lög eins og Have You Ever Seen The Rain, Bad Moon Rising, Fortunate Son, Proud Mary og fl. en CCR Bandið er skipað þeim: Bigga Haralds söngur og gítar, Sigurgeiri Sigmunds gítar, pedal-steel gítar og lap-steel gítar, Bigga Nielsen á trommur og Ingimundi B. Óskars á bassa.

Tónleikarnir hefjast kl. 20:00. Miðaverð 2.000 kr.

Föstudagur 31.maí

Axel O og Keli Unplugged.

Söngvararnir og gítarleikararnir Axel Omarsson úr Axel O & Co og Hrafnkell Pálmarsson (Keli) úr í Svörtum Fötum taka lög úr ýmsum áttum og stefnum í unplugged stíl allt frá Jonny Cash upp í Cock Robin.

Tónleikarnir hefjast kl 16:00 og standa til um kl 18:00.
Aðgangur ókeypis á meðan húsrúm leyfir.

Laugardagur 1.júní

Bakkalábandið - Lagsi að Bryggju

Bakkalábandið syngur gömlu góðu sjómannalögin ásamt hljómsveit. Bakkalábandið skipa sem fyrr Vísissystkinin Margrét, Páll, Pétur, Kristín, Svanhvít og Sólný Pálsbörn, ásamt þeim Guðjóni Sveinssyni, Sveini Guðjónssyni, Ársæli Mássyni, Axel Ómarssyni og Halldóri Lárussyni.

Dagskráin byrjar kl 15:00 og stendur til um kl 18:00
Aðgangur ókeypis á meðan húsrúm leyfir.

Sunnudagur 2.júní

Hljómsveit Guðjóns Sveinssonar

Hálfrafmagnaðir rokktónleikar þar sem Guðjón og félagar flytja lög eftir hans helstu áhrifavalda úr rokkheiminum. Lögin verða flutt í látlausum útsetningum þar sem undirliggjandi lagasmíðar eru undirstrikaðar."

Tónleikarnir hefjast kl 20.00.
Aðgangur ókeypis á meðan húsrúm leyfir.

MIÐGARÐUR 2, 240 GRINDAVÍK 426 7100 INFO@BRYGGJAN.COM

Hjalti Bogason, rekstrarstjóri hjá Samherja fiskeldi.

STÆRSTA BLEIKJUELDI Í HEIMINUM

Á Stað, vestan við þéttbýlið í Grindavík hefur verið eldisstöð frá árinu 1984. Fyrst var þar fyritækið Íslandslax sem ræktaði lax en Samherji hefur rekið stöðina frá árinu 2001 og ræktað bleikju. Vegna þess hversu óhagstætt verðið var á laxi var tekin ákvörðun um að færa sig yfir í bleikjuna.

Reykjanesið hentugt til fiskeldis

„Samherji keypti stóru strandeldis-stöðvarnar sem byggðar voru á 9. áratugnum og hugsaði þær fyrir sjóeldi. Þetta þróaðist þó þannig að Samherji hætti í sjóeldi og er núna eingöngu í landeldi. Í dag framleiðir fyrirtækið um 5.000 tonn, þar 3.600 tonn af bleikju. Þessi framleiðsla fer fram annars vegar hér í Grindavík og hins vegar á Vatnsleysuströnd“ segir Hjalti Bogason, rekstarstjóri hjá Samherja fiskeldi á Stað. Hann segir staðsetningu eldisins hér í Grindavík henta mjög vel til bleikjueldis að því leyti að hægt sé að fá sjó blandaðan ferskvatni undan hrauninu. „Hann er 7-8 gráður allt árið sem eru kjöraðstæður við framleiðslu á bleikju. Undir Reykjanesinu öllu er jarðsjór og við erum við að fá um 20 prómilla sjó sem er þá eilítið ferskvatns blandaður. Við getum dælt þessu beint upp og erum alltaf að ná betri tökum á þeim kostnaði sem fylgir dælingunni“ segir Hjalti. Hann segir allt Reykjanesið og alveg austur að Þjórsárósum sé kjörið svæði fyrir landsstöðvar til fiskeldis.

Hjá Samherja fiskeldi starfa um 70 manns í heildina en í starfsstöðinni í Grindavík eru að jafnaði 18 starfsmenn. 22 starfa svo í vinnsluþættinum sem fyrir ekki svo löngu færði sig yfir í hentugra húsnæði í Sandgerði en um helmingur þeirra starfsmanna er úr Grindavík. Hjalti hefur starfað hjá Samherja í vel yfir 30 ár og hefur komið að starfsemi Samherja í Grindavík frá upphafi.

Framleiðsluferlið tekur 2 ár

Framleiðsluferli bleikjunnar í landeldi tekur tvö ár, frá því hún er hrogn þar til hún er tilbúin í vinnsluna. Ferlið hefst á Hólum í Skagafirði en þaðan eru hrognin keypt. Í Norður-Þingeyjasýslu er síðan lítil stöð þar sem Samherji fiskeldi framleiðir sín eigin hrogn að hluta til í samstarfi við Hólaskóla. „Seiðin eru loks framleidd í Núpum í Ölfusi, en einnig hér á Stað, en öll seiði fyrir Stað eru framleidd í seiðastöðinni á Stað, tvær milljónir. Við leggjum upp með yfir 8 milljónir hrogna á hverju ári og þetta er síðan flokkað og bólusett í hverri seiðastöð, sem eru þrjár núna“ segir Hjalti.

Bleikjan er alin upp á tilgerðu fóðri þannig að eldisfiskur verður alltaf frábrugðinn villtum fiski þegar kemur að bragðinu en „maður fær seint upprunavottorð á æti villts lax“. Hjalti segir allan fisk sem framleiddur er hér í Grindavík og Sandgerði fari á erlendan markað og skiptist nokkuð jafnt á milli Evrópu og Bandaríkjanna.

Vont að missa Wow-air

„Það var pínu feitur biti að missa WOW-air því mikið af afurðum okkar voru fluttar með WOW-air. En auðvitað finnast aðrar leiðir og meira fer í frystingu í framtíðinni. Núna er þetta smá saumaskapur að koma fisknum á markað.“

Hjalti segir tvennt ógna fiskeldi á Íslandi. Annars vegar sjúkdómar sem eru í umhverfinu og geta alltaf komið upp og hins vegar breyttar markaðsforsendur. En afurðin er góð, framleidd úr úrvals hreinum innlendum auðlindum af öflugu starfsfólki.

Engin starfsmannavelta

Nánast engin starfsmannavelta er hjá Samherja fiskeldi í Grindavík „Þetta eru allt sömu góðu Grindvíkingarnir að mestu leyti. Eldisstöðin var stækkuð fyrir tveimur árum og hefur sú stækkun komið frábærlega út. En vegna þess að eldishlutinn var stækkaður var fyrirtækið komið í öngstræti með vinnsluþáttinn og plássið þar. Við urðum að stækka frystinguna og það var alveg sama hvernig við mátuðum okkur inn í húsið sem við vorum í það var ekki hægt að koma þessu fyrir. Við leituðum að öðrum húsum og þetta í Sandgerði kom bara upp í hendurnar á okkur og hentaði vel,“ segir Hjalti að lokum.

RATLEIKUR GRINDAVÍKUR 2019

Fróðleiksmolar – Númerin eiga við viðkomandi ratleiksmerki á kortinu

Nágrenni Bláa lónsins hefur upp á fjölmargt að bjóða m.a. fallegan gönguhring sem göngufélagar Ferlis (www.ferlir.is) útbjuggu fyrir nokkrum árum. Ratleikurinn hefst við bifreiðastæði Bláa lónsins og er gengið til vesturs yfir á Skipsstíg, forna þjóðleið sem er stikuð með númerum. Fylgt er stikaðri leið Reykjavegi að Þorbirni og með honum að norðanverðu. Tilvalið er að taka með sér nesti og njóta útivistar um leið og leitað er að spjöldum. Ratleikurinn byggir á fróðleik um jarðfræði, sögu og náttúru sem nýtist útivistarfólki til gagns og gamans. Áætlaður tími, sem tekur að fara hringinn, er u.þ.b. 3 klst. - 9 km.

Ratleikur Grindavíkur 2019 - Söguminjar

Ratleikurinn er auðveldur og skemmtilegur útivistarleikur, sem stendur frá upphafi Sjóarans síkáta fram að Jónsmessu. Leitað er að spjöldum á stöðum sem merktir eru á ratleikskortið eða vísað á þá. Í Grindavík eru margar söguminjar. Ratleikurinn vísar á nokkra slíka staði. Fróðleikurinn byggir á bæklingi um gönguhringinn sem sjf menningarmiðlun útbjó. Höfundur að ratleik er Sigrún Jónsdóttir Franklín.

Bókstafi og tölustafi á hverjum stað þarf að færa inn á lausnarblaðið og skila því í Kvikuna, Hafnargötu 12a, Grindavík ekki síðar en 21. júní. Dregið verður úr réttum lausnum og það tilkynnt í Jónsmessugöngunni á Þorbirni 22. júní.

Veglegir vinningar í boði:

1. Gjafabréf í Bláa Lónið og þriggja rétta á LAVA restaurant fyrir tvo
2. Gjafabréf í Bláa Lónið og þriggja rétta á LAVA restaurant fyrir tvo
3. Gjafakort í Nettó að upphæð 25.000

Vinsamlegast látið vita ef spjöld finnast ekki eða hafa verið færð úr stað í Kvikuna s. 420 1190.

Söguratleikur

		Bókstafur	Tölustafur
1.	Við bifreiðastæði Bláa lónsins		
2.	Við háan hraunkant Illahrauns		
3.	Í hrauninu þegar komið er yfir Norðurljósaveg		
4.	Við Skipsstíg stiku nr. 85		
5.	Við Skipsstíg stiku nr. 80		
6.	Við Skipsstíg stiku nr. 66		
7.	Við Skipsstíg stiku nr. 42		
8.	Þar sem Orkustígur kemur inn á Reykjaveg.		
9.	Við söguskiltið við Selskóg		

Með því að raða saman bókstöfunum sem eru á hverri hinna 9 stöðva á réttan hátt kemur út nafn á sögustað:

_____

Nafn: _____

Heimili: _____

Bæjarfélag: _____ Sími: _____

Netfang: _____


Gleðilega hátíð
Landsbankinn
landsbankinn.is
410 4000